LINDA BEN

Kaffikaramelluskyr ískaffi



Eldunartími

5 mín

Erfiðleikastig

Auðvelt

Fjöldi

1 drykkur

Lýsing

Ég hreinlega elska nýja kaffiskyrið frá Örnu Mjólkurvörum og Te og kaffi (ég borða eina dós helst á hverjum degi) og það er svooo gott að blanda því saman við smá mjólk til að þynna það og hella því yfir kaffi með klökum! ??
Próteinríkt, nærandi og einstaklega ljúffengt ískaffi sem þú bara verður að smakka.

Karamelluskyr ískaffi

- 200 g kaffiskyr með karamellu frá Örnu Mjólkurvörum
- 150 ml mjólk
- Klakar
- French Roast kaffihylki frá Te og Kaffi

Aðferð:

1. Hellið upp á sterkan kaffi (espresso) og leyfið kaffinu að kólna á meðan þið gerið drykkinn.
2. Setjið kaffiskyr og mjólk í skál og blandið vel (þægilegt að nota litinn rafmagnsþeytara)
3. Setjið klaka í glas og hellið kaffinu yfir klakana, hellið svo skyrblöndunni yfir og njótið.

Ef þú prófar þessa uppskrift þá þætti mér svo vænt um að heyra frá þér! Skildu eftir skilaboð hér fyrir neðan, eða taktu mynd og merktu mig á Instagram @Lindaben
Fylgistu með á Instagram!
Fylgstu með á Tiktok!
Njótið vel!
Ykkar

Hráefni

—

Leiðbeiningar

1.